

Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra

Sendandi: Stella Samúelsdóttir formaður Þróunarsamvinnunefndar

Dagsetning: 3. október 2024

Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 20. september 2024

Kæra Þórdís Kolbrún,

Á fyrsta fundi mínum sem formaður þróunarsamvinnunefndar lagði ég áherslu á að virkja upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar til samræmis við lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Nefndin tók vel í þessa nálgun og taldi mikilvægt að koma á samskiptum við utanríkismálanefnd, enda nauðsynlegt að nefndin sé upplýst um þau mál sem eru til umræðu á vettvangi þróunarsamvinnunefndar og þeim áherslum sem settar voru fram í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu, þar sem fjármagn til þróunarmála er einn stærsti útgjaldaliður í utanríkisstefnu Íslands. Formaður mun hefja samtal við nýjan formann utanríkismálanefndar til að kanna hvernig best sé að virkja þessi samskipti.

Tvö mál voru á dagskrá nefndarinnar, annarsvegar fékk nefndin kynningu frá Önnu Pálu Sverrisdóttur deildarstjóra mannúðarmála á mannúðarstarfi Íslands á alþjóðavettvangi. Rætt var um mikilvægi þess og ánægju með að Ísland sé ábyrgt gjafaríki og að áhersla sé á óeyrnamerkt kjarnaframlög sem gera stofnunum kleift að bregðast hratt við neyð.

Spurst var sérstaklega fyrir um stuðning Íslands við friðarumleitanir og stöðugleika í tengslum við ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi, með tilliti til stöðunnar í heiminum í dag. Svo virðist sem þessi hluti mannúðarstarfs sé veikasti hlekkurinn í mannúðarstarfi Íslands, þar sem sérfræðipækning á málaflokkinum er takmörkuð eða ekki fyrir hendi innan ráðuneytisins. Nefndarmaður tók fram að þekking á málaflokknum byggist ekki upp nema ákvörðun þess efnis sé tekin. Mun það meðal annars hafa áhrif á það hvernig Ísland beiti sér í uppbyggingu Palestínu og annarra ríkja þegar fram í sækir.

Einnig sköpuðust umræður um stuðning Íslands við Úkraínu og tryggja yrði að sá stuðningur væri ekki á kostnað fátækustu ríkja heims líkt og fram kemur í stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu sem sem samþykkt var einróma af Alþingi.

Kynning var á mannúðarstarfi þriggja frjálsra félagasamtaka sem öll njóta stuðnings utanríkisráðuneytisins í þessum málaflokki, þau voru Barnaheill, Rauði Krossinn og Hjálparstarf kirkjunnar. Í umræðum kom fram ánægja meðal allra um þá rammastærsla sem eru í gildi og hvernig þeir eru ekki íþyngjandi félagsamtökum, heldur gefa þeim svigrúm til vals á samstarfslöndum og verkefnum.

Hins vegar fékk nefndin svo kynningu frá Mörtu Birnu Baldursdóttur frá fjármálaráðuneytinu um útgáfu kynjaðra skuldabréfa. Kynningin sýndi skýrt hvernig verkefni innan þróunarsamvinnu geta vel fallið undir staðla kynjaðra skuldabréfa og sé því tækifæri fyrir Ísland að skoða í framtíðinni, þó að fyrsta útgáfa skuldabréfanna hafi ekki náð utan um þennan möguleika, fögnuðu nefndarmenn að Ísland hafi verið fyrsta landið í slíkri útgáfu.

Með vinsemi og virðingu,

Stella Samúelsdóttir

Stella Samúelsdóttir

formaður þróunarsamvinnunefndar